



STEFNA ALCOA CORPORATION UM VINNUSTAÐ ÁN ÁREITNI OG EINELTIS

Stefna þessi á við um Alcoa um allan heim og öll dótturfyrirtæki fyrirtækisins, hlutdeildarfélög, samstarfsaðila, áhættufyrirtæki og önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Alcoa, beint eða óbeint (saman nefnt „fyrirtækið“) og alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins.

Stefna þessi er alþjóðleg og nær yfir áreitni og einelti sem á sér stað bæði innan og utan vinnustaðar, svo sem í viðskiptaferðum, vinnutengdum atburðum eða skemmtunum, rituðum samskiptum eða er ekki í samræmi við Reglur varðandi samfélagsmiðla. Þær ná yfir áreitni og einelti af hendi eða gagnvart starfsmönnum, verktökum, birgjum, viðskiptavinum, þjónustuaðilum eða gestum. Fyrirtækið okkar starfar í samræmi við öll landsbundin eða staðbundin lög og reglur sem banna áreitni og siðareglur okkar banna áreitni á vinnustað. Brot á þessum reglum líðast ekki og gætu leitt af sér agaaðgerðir eða uppsögn.

Áreitni og einelti fela m.a. í sér óvelkomna munnlega, líkamlega eða aðra tjáningu sem skapar ógnandi, niðurlægjandi, móðgandi eða fjandsamlegt vinnuumhverfi. Þar sem lögleg skilgreining á áreitni og einelti getur verið mismunandi milli landa eða lögsagnarumdæma, eru hér taldar upp ýmsar tegundir framkomu sem er óásættanleg og brýtur gegn stefnu þessari:

- Kúgandi eða ógnandi framkoma, í orðum eða verki
- Niðurlægjandi athugasemdir eða brandarar
- Að sýna öðrum ókurteisi vegna einstakra sérkenna þeirra
- Að senda eða sýna efni sem er móðgandi eða klámfengið (þ.á.m. tölvupóstar, smáskilaboð, snarboð eða myndir).
- Niðrandi athugasemdir vegna kynþáttar, þjóðernis, kyns, trúmála, kynhneigðar eða aldurs.
- Kynferðisleg áreitni

Það er mikilvægt að hafa í huga að áreitni er skilgreind samkvæmt þeim áhrifum sem aðgerðir hafa á aðra. Helst ættu þeir sem verða fyrir einhverju eða verða vitni að einhverju sem veldur áhyggjum að tilkynna það um leið til þess að viðkomandi geti svarað fyrir gjörðir sínar þegar afleiðingarnar eru ljósar.

Ef þú upplifir eða verður vitni að framkomu sem þér finnst móðgandi, áreitandi eða kúgandi, treystum við því að þú tilkynnir um þau áhyggjuerni til þess að tryggja að fyrirtækið starfi í samræmi við gildi þess, stefnur og siðareglur. Stefna Alcoa gegn hefndaraðgerðum setur strangt bann við hefndaraðgerðum gagnvart einhverjum sem tilkynnir atvik í góðri trú. Áhyggjuefni verða tafarlaust tekin til meðferðar af óhlutdrægni og í fullum trúnaði.

Allir sem vinna hjá Alcoa eiga rétt á því að vera óhultir á vinnustaðnum og við berum öll ábyrgð á því að tilkynna og grípa til aðgerða ef við verðum vör við eitthvað sem stangast á við gildi fyrirtækisins, Jafnréttisstefnu, eða [Siðareglur Alcoa](#).

HVERT GETUR ÞÚ LEITAÐ TIL ÞESS AÐ SPYRJAST FYRIR EÐA TILKYNNNA MÁL

Hafðu samband við [Heilindalínu Alcoa](#) til þess að spyrjast fyrir eða tilkynna mál